



TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD
SCHOOL OF SCIENCE AND ENGINEERING

Tæknifræði – BSc
Rafmagnstæknifræði

Námskeiðslýsingar 2014-2015

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
Tækni- og verkfræðideild www.ru.is

Efnisyfirlit

ALMENNT UM BSc í TÆKNIFRÆÐI - 210 ECTS	3
BSc í RAFMAGNSTÆKNIFRÆÐI - 210 ECTS	4
Fyrsta ár	5
Annað ár	15
Þriðja ár	22

ALMENNT UM BSc í TÆKNIFRÆÐI - 210 ECTS

Innan tækni- og verkfræðideildar er boðið upp á nám í tæknifræði til lokaprófs í byggingartæknifræði, vél- og orkutæknifræði, og rafmagnstæknifræði. Meginmarkmið námsins er að veita sérhæfða og hagnýta fagþekkingu þannig að útskrifaðir nemendur séu vel undirbúnir til þátttöku í atvinnulífinu. Áhersla er lögð á að nemendur vinni hagnýt, raunhæf verkefni sem byggja á þekkingu kennara úr atvinnulífinu. Langflestir kennaranna hafa mikla starfsreynslu við hönnun, framleiðslu eða framkvæmdir. Nemendur sem stunda nám í tæknifræði eru gjarnan iðnmenntaðir eða hafa verkþekkingu á fagsviðinu og námið byggir ofan á þann grunn.

Þó undirbúningur framhaldsnám sé ekki meginmarkmið námsins þá opnar tæknifræðinám ótal möguleika, t.d. er greið leið að MSc námi í verkfræði.

Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærilegt próf. Gerðar eru kröfur um að nemendur hafi haldgóða þekkingu á stærðfræði, raungreinum, íslensku og ensku og miðað við að þeir hafi lokið a.m.k. 35 framhaldsskólaeiningum í stærðfræði og 10 framhaldsskólaeiningum í eðlisfræði. Nemendur sem ekki hafa nægilega bóklega undirstöðu eiga þess kost að bæta við sig námi á frumgreinasviði. Starfsreynsla á fagsviðinu er kostur og eru nemendur hvattir til að afla sér starfsreynslu í sumarleyfum ef þeir hafa hana ekki þegar þeir hefja nám.

Nám til lokaprófs í tæknifræði BSc er 210 ECTS einingar og tekur 3,5 ár. Prófgráðan veitir mikil starfsréttindi miðað við lengd námsins og hljóta þeir sem henni ljúka staðfestingu iðnaðarráðuneytisins og full réttindi til að starfa sem tæknifræðingar og nota lögverndaða starfsheitið tæknifræðingur. Jafnframt er aðgengilegt að byggja MSc-nám í verkfræði ofan á lokapróf í tæknifræði, hvort heldur hér á landi eða við erlenda háskóla. Í náminu er lögð mikil áhersla á raunhæf verkefni sem nemendur vinna í samstarfi við fyrirtæki og rannsóknarstofnanir. Lokaverkefni nemenda er 24 ECTS eininga hönnunar- og/eða rannsóknarverkefni sem þarf að byggja á faglegum og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Í þessari kennsluskrá eru lýsingar á námskeiðum sem kennd eru skólaárið 2014-2015 og 2015-2016. Allar námskeiðslýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar. **Nánari upplýsingar sjá www.hr.is eða hafið samband við Vilborgu Hrönn Jónudóttur verkefnastjóra tæknifræðináms við tækni- og verkfræðideild HR tvd@ru.is** Námskeiðslýsingar í BSc námi Rafmagnstæknifræði

BSc í RAFMAGNSTÆKNIFRÆÐI - 210 ECTS

Rafmagnstæknifræði er spennandi og einkar víðfemt hátæknisvið sem spannar rafmagnsfræði, rafeindatækni, raforkufræði, fjarskiptatækni, stýritækni, tölvutækni, stóriðju og orkutækni á breiðum grundvelli. Starfssvið rafmagnstæknifræðinga er fjölbreytt, hvort heldur unnið er við hönnunarverkefni, framkvæmdir eða stjórnun og eftirlit. Störf rafmagnstæknifræðinga felast einkum í ráðgjöf, uppsetningu, skipulagi, hönnun og smíði raforkukerfa og rafeindabúnaðar. Rafmagnstæknifræðingar annast einnig eftirlit með verklegum framkvæmdum og framleiðslu, auk þess að gegna lykilhlutverkum í stóriðju og orkuviðnaði. Ör þróun er fyrirsjáanleg í faginu í nánustu framtíð, s.s. á sviði líftækni, sjálfvirkni og kraftrafeindatækni.

Á 1.-6. önn taka nemendur 30 ECTS einingar á önn, yfirleitt eru það fimm námskeið, 6 ECTS einingar hvert. Fjögur námskeið eru kennd fyrstu 12 vikur annarinnar og síðan er 2 vikna próftímabil. Að prófum loknum tekur við þriggja vikna verklegt eða sérhæft námskeið, oft er um að ræða hagnýtt verkefni unnið í samstarfi við fyrirtæki. Á 5., 6. og 7. önn taka nemendur valfög og gefst þeim þá kostur á nokkurri sérhæfingu. Í stað valnámskeiða getur nemandi valið að taka allt að 18 ECTS einingar í starfsnámi hjá fyrirtæki á fagsviðinu. Á 7. önn vinnur nemandinn að sérhæfðu lokaverkefni (24 ECTS) og tekur samhliða því eitt valnámskeið (6 ECTS).

Sérhæfingarsviðin eru tvö; sterkstraumur og veikstraumur. Nemandi sem tekur a.m.k. 3 valnámskeið og vinnur auk þess lokaverkefni sitt á sama sviði hlýtur prófskírteini þar sem fram kemur að hann hafi aflað sér sérþekkingar á sviðinu.

Nánari upplýsingar sjá www.hr.is

Fyrsta ár

AT STÆ 1003

STÆRFRÆÐI I

6 ECTS

Ár: 1. ár.

Önn: Haustönn.

Stig námskeiðs: Grunnám, grunnnámskeið.

Tegund námskeiðs: Skyldunámskeið fyrir allar námsbrautir.

Undanfarar: Engir undanfarar.

Skipulag:

Umsjónarkennari: Hlynur Arnórsson,

Kennari: Eyrún Halla Haraldsdóttir

Námsmarkmið: Þekking. Að námskeiði loknu skulu nemendur:

- þekkja tvinntölur og kunna skil á helstu reikniaðgerðum
- þekkja pólhniptaform tvinntölu og geta fundið rætur tvinntalna.
- kunna skil á algengum föllum og helstu eiginleikum þeirra.
- kunna skil á markgildum, hafi kynnst samfelldni og deildanleika.
- þekkja milligildissetninguna.
- þekkja stofnföll og myndræna túlkun þeirra.
- þekkja forsendur fyrir því að föll séu andhverfanleg.
- kunna hlutheildun, aðferð innsetningar, stofnbrotaliðun og geti fundið flatarmál milli ferla.
- þekkja höfuðsetningu stærðfræðigreiningarinnar.
- Kunna skila á útgildum falla.
- kunna skil á línulegum nálgunum.
- þekkja Taylor margliður falla.
- þekkja til upphafsgildisverkefna.
- þekkja annars stigs afleiðujöfnur með fastastuðlum og lausnir þeirra.
- hafa kynnst stærðfræðilegri röksemdarfærslu.

Leikni. Nemendur geti:

- framkvæmt helstu reikniaðgerðir með tvinntölum.
- skrifað tvinntölur á pólforni, dregið þær upp í tvinntöl og fundið rætur tvinntalna.
- ákvarðað helstu eiginleika falla.
- fundið markgildi falla.
- beitt milligildissetningunni við lausn á stærðfræðilegum vandamálum.
- fundið stofnföll helstu falla.
- beitt hlutheildun, aðferð innsetningar og stofnbrotaliðun til að finna stofnföll.
- beitt höfuðsetningu stærðfræðigreiningarinnar.
- fundið flatarmál milli ferla.
- fundið útgildi falla.
- fundið línulega nálgun falls og hafi kynnst mati á skekkju.
- fundið Taylor margliðu falls og metið skekkju.
- leyst upphafsgildisverkefni.
- fundið lausn á annars stigs afleiðujöfnu með fastastuðlum.
- beitt stærðfræðilegri röksemdarfærslu við uppsetningu lausna.

Lýsing: Tvinntölur. Stærðfræðigreining raungilda falla af einni breytistærð. Rauntölur, föll og gröf. Markgildi, samfelld föll, diffrun, stofnföll og heildun, Taylor-margliður og einfaldar diffurjöfnur. Umfjöllun um mikilvægustu föllin og eiginleika þeirra. Pólhnit.

Lesefni:

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar og dæmatímar.

Námsmat: Skriflegt próf 80% og skiladæmi 20%. Standast þarf skriflega prófið.

Tungumál: Íslenska

AT EDL1003

EÐLISFRÆÐI

6 ECTS

Ár: 1. ár.

Önn: Haustönn.

Stig námskeiðs: Grunn nám, grunn námskeið.

Tegund námskeiðs: Skyldunámskeið fyrir allar námsbrautir.

Undanfarar: Engir undanfarar.

Skipulag:

Umsjónarkennari: Vilhelm Sigfús Sigmundsson.

Kennari: Andrei Manolescu, Gunnar Þorgilsson - Kennari

Námsmarkmið: Að námskeiði loknu á nemandinn að þekkja hugtökin og geta leyst einföld verkefni tengd:

- Hreyfingu í einn vídd og notkun vektora til að lýsa hreyfingu í fleiri víddum
- Hreyfilögmálum Newtons, uppsetningu kraftamynda og liðun krafta í þætti
- Hugtakinu vinna og hvernig það tengir saman hreyfiorku og stöðuorku
- Varðveislu skriðþunga, atlagi og lýsingu einfaldra árekstra
- Hreyfifræði snúnings, hverfiþunga og hverfitregðu
- Stöðufræði og eiginleikum kyrrstæðra vökva og vökvastreymis
- Frjálsum, dempuðum og þvinguðum sveiflum og einfaldri bylgjuhreyfingu
- Sambandi varma og hitastigs og 1. og 2. lögmál varmafræðinnar
- Framkvæmd mælinga, magnbundinni lýsingu á mælióvissum og skýrsluskrifum.

Lýsing: Eðlisfræði er grunnur að hefðbundnum greinum verkfræðinnar en aðferðafræði eðlisfræðinnar, sérstaklega líkanagerð, nær langt út fyrir þessi hefðbundnu svið. Til dæmis nýtast aðferðir eðlisfræðinnar til að lýsa kerfum í líffræði, hagfræði og fjármálum. Í áfanganum er nemandinn þjálfaður í að lýsa einfaldri hreyfingu hluta og grunnatriðum varmafræði.

Lesefni: Afhent af kennara í upphafi námskeiðs.

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar, dæmatímar og verklegar æfingar.

Námsmat: Þriggja klukkustunda skriflegt lokapróf vegur 70% og standast þarf lokaprófið til að standast námskeiðið. Öll próf eru gagnalaus (fyrir utan formúlublað sem fylgir með) og einungis Casio FX-350 vasareiknir er leyfður í prófi. Bestu einkunn úr þremur hlutaprófum gildir 10% og heimadæmaskil gilda 10%. Verklegar æfingar og skýrslur gilda 10%. Skila ber öllum skýrslum (úr þremur verklegum æfingum og einni heimatilraun) til að öðlast rétt til að taka lokapróf.

Tungumál: Íslenska.

RT STA1003

STAFRÆN TÆKNI

6 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Haust

Stig námskeiðs: Grunn nám, grunn námskeið

Tegund námskeiðs: Skyldunámskeið

Undanfarar: Engir undanfarar

Skipulag: 4 fyrirlestrar og 2 dæmatímar á vikur í 12 vikur. Í 10.-12. Kennsluviku verður verkefni þar sem nemendur hanna og byggja stafrænan búnað, sem gildir til einnkunnar allt að 25% á móti skriflegu prófi.

Umsjónarkennari: Stefán Arnar Kárason

Kennari: Stefán Arnar Kárason

Námsmarkmið: Stefnt er að því að nemendur:

- fái góða innsýn og þekkingu á stafrænum rásum og íhlutum þeirra.

- geti hannað og smíðað einfaldan stafrænan búnað.
- kunnir skil á hvernig örtölvur og ýmis jaðartæki virka.
- geti nýtt sér örtölvu við hönnun stafrænna tækja.

Lýsing:

- Undirstöðuatriði transistora, bipolar og Mosfet transistorar
- Talnakerfi og kóðar. Rökrásafjölskyldur, TTL og CMOS.
- Hönnun rökrása með notkun Boolean Stærðfræði og Karnaugh töflum.
- Kóðarar, afkóðarar, Multiplexer, Demultiplexer.
- Lásar, Flip-flops, Timers. Teljarar, Skiptigisti.
- Söfnun gagna, Analog/Digital og Digital/Analog breytar.
- Stýriörgjörvar við lausn verkefna í stafrænni tækni.
- Verklegar æfingar með stýriörgjörvum og forritun þeirra

Lesefni:

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, Heimaverkefni, Dæmatímar, Verklegar æfingar, stöðupróf

Námsmat: 3 klst. skriflegt próf gildir 75% og skilaverkefni þ.e. Heimadæmi og verklegar æfingar og skýrslur gilda 25%.

Tungumál: Íslenska.

T-111-PROG

FORRITUN

6 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Haust

Stig námskeiðs: Óskilgreint

Tegund námskeiðs: Skyldunámskeið

Undanfarar: Engir undanfara

Skipulag:

Umsjónarkennari:

Kennari:

Námsmarkmið:

Þekking (miðlun).

Nemandinn:

- Geti lýst hvað felst í hugtökunum hjúpun, upplýsingahuld og hugrænt gagnatag.
- Geti lýst hvernig klasar styðja við ofangreind hugtök.
- Skilji muninn á yfirlýsingu (skilum) og útfærslu.

Leikni (þjálfun).

Nemandinn geti:

- Notað samþætt þróunarumhverfi (IDE) til að þróa og þýða forrit.
- Útfært, prófað, aflúsað, breytt og útskýrt forrit sem notar eftirfarandi grunneiningar í forritun: breytur, tög, segðir og gildisveitingar, einfalt inntak/úttak, skilyrðissetningar, lykkjur, fylki og föll.
- Valið viðeigandi skilyrðissetningar og lykkjur fyrir tiltekið verkefni.
- Beitt ofansækinni hönnun til að brjóta forrit upp í smærri einingar.
- Beitt mismunandi aðferðum við stikun færriebreytna.
- Skrifað forrit sem nota benda og kvikleg fylki.
- Beitt fjölbindingu í tengslum við aðgerðir.
- Greint, útfært, prófað, aflúsað, breytt og útskýrt forrit sem notar klasa.

Hæfni (sköpun).

Nemandinn geti:

- Hannað og þróað forrit fyrir vandamál sem lýst er á almennan hátt.

Lýsing: Þetta er inngangsnámskeið í forritun þar sem forritunarmálið C++ er notað. Fjallað er um grunneiningar í forritun, t.d. breytur, tög, stýriskipanir, lykkjur, föll og benda. Jafnfram er lögð áhersla á innbyggðar gagnagrindur eins og fylki, strengi og vektora. Hugtakið klasi er kynnt og hvernig það styður við hjúpun og upplýsingarhuld í hlutbundinni forritun. Nemendur læra að nota bæði samþætt þróunarumhverfi (IDE) og skipanaham til að þróa og þýða forrit.

Lesefni:

Kennsluaðferðir: Námskeiðið stendur yfir í 12 vikur og er í boði í staðarnámi, háskólanámi með vinnu (HMV) og fjarnámi. Einstök efnisatriði námskeiðsins verða aðgengileg á hljóðglærum. Fjórir fyrirlestrar (4*45 mín.) eru í hverri viku en þeir verða nýttir meira eins og vinnutímar og lögð áhersla á virka þátttöku nemenda. Opnir dæmatímar einu sinni í viku í staðarnámi og HMV. Sérstakur fjárfundur verður einu sinni í viku fyrir nemendur í fjarnámi.

Piazza kerfið verður notað fyrir umræður/spurningar um efni námskeiðsins. Kerfið er hannað til að hjálp berist fljótt frá nemendum, leiðbeinendum eða kennurum. Nemendur eiga að beina öllum spurningum í Piazza í stað þess að senda spurningar á kennara eða leiðbeinendur.

Námsmat: Námsmat í þessu námskeiði er fjórskipt:

1. Skilaverkefni (einstaklingsverkefni): $3*5\% = 15\%$.
2. Dæmatimaverkefni (einstaklingsverkefni): 10% (7 bestu af 10 gilda til einkunnar). Einkunnir fyrir dæmatimaverkefni eru 10,0, 7,5, 5,0, 2,5 eða 0,0.
3. Hlutapróf á önninni: $2*10\% = 20\%$. Hlutapróf verða eingöngu haldin í HR á tölvu.
4. Lokapróf: 55%-75% (eftir því hvort nemandi mætir í hlutapróf eður ei). Ná þarf 5,0 að lágmarki til að standast námskeiðið.

Öllum verkefnum ber að skila í síðasta lagi kl. 23:59 á skiladegi.

Tungumál: Íslenska.

AT TÆK 1003 INNGANGUR AÐ TÆKNIFRÆÐI - TÖLVUSTUDDHÖNNUN 6 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Haust

Stig námskeiðs: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skyldunámskeið

Undanfarar: Engir undanfarar

Skipulag:

Kennari:

Námsmarkmið: Eftir að hafa lokið námskeiðinu á nemandi að:

- geta beitt hönnunarhugbúnaði, AutoCAD og Inventor eða Revit, við gerð teikninga og hönnun
 - Autocad (allir nemendur):
 - þekki til reglugerða, staðla og teiknihefða og geti beitt þeim við gerð tækniteikninga
 - kunna að búa til tákni og táknaöfn, sniðmát, texta og málsetningarstíla,
 - geta beitt viðeigandi línugerðum og –þykktum, táknum, sniðþekjum og mælikvörðum við gerð teikninga.
 - Inventor (fyrir alla nemendur nema í byggingartæknifræði):
 - geta teiknað einfalda vélarhluti í þrívídd með hlutbundnum aðferðum,

- geta teiknað samsetningar út frá einstökum vélarhlutum og gera vinnuteikningu með skurðum og málsetningum.
 - Revit (fyrir nemendur í byggingartækni):
 - geta hannað hlutbundið og hafi grunnþekkingu á BIM aðferðafræðinni,
 - kunna helstu skipanir og geta nýtt þær til að hanna hefðbundnar gerðir bygginga,
 - geta tekið út og nýtt upplýsingar úr líkðum, s.s. teikningar og magntölur.
- þekkja til verkfræðilegra vinnubragða við lausn verkefna og verkefnastjórnunar
- hafa kynnst og unnið að lausn verkefnis tengdu sínu fagsviði
- hafa þjálfast í hópvinnu og skilji mikilvægi samvinnu og fjölbreytni hóps
- hafa kynnst mismunandi aðferðum við að kynna niðurstöður, s.s. með veggspjaldi, stuttmynd og líkani.
- geta haldið vinnudagbók.

Lýsing: Námskeiðið byggist á hópvinnu þar sem nemendur á fyrsta námsári í BSc verkfræði og tæknifræði vinna að lausn á raunhæfu verkefni í þrjár vikur. Í námskeiðinu er lögð áhersla á teikni- og tölvustudda teikningu og hönnun, verkefnastjórnun og kynningu. Í lok námskeiðsins mun hver hópur skila teikningum, vinnudagbók og stuttmynd um verkið. Að smíða líkan er val.

Lesefni:

Kennsluáðferðir:

Námsmat: Í fyrri hluta námskeiðsins þarf nemandi að standast kröfur um skilaverkefni í AutoCAD og Inventor/Revit. Nemandi sem ekki hefur skilað öllum verkefnum 5. desember úr fyrri hluta námskeiðsins verður skráður úr námskeiðinu. Í seinni hluta námskeiðsins þá þarf hver hópur að skila með fullnægjandi árangri: hönnunarteikningum ásamt veggspjaldi, vinnudagbók og tveggja mínútna stuttmynd. Að smíða líkan er val. Hver og einn nemandi þarf að vera virkur í hópinnunni. Umsjónarkennari fylgist með ástundun og gerir viðvart í lok hvers dags ef hún er ekki í lagi. Í lok námskeiðs er gert ráð fyrir að veita þónokkrum hópum viðurkenningar fyrir vel unnin verkefni og verður þá horft á hönnun og teikningar (50%) og veggspjald, líkan, dagbók og stuttmynd (50%). Einkunn er staðið/fall.

Tungumál: Íslenska.

AT STÆ2003

STÆRÐFRÆÐI II

6 ECTS

Ár: 1. ár.

Önn: Vorönn

Stig námskeiðs: Grunnám, grunnnámskeið.

Tegund námskeiðs: Skyldunámskeið fyrir allar námsbrautir.

Undanfarar: Stærðfræði I (AT STÆ1003)

Skipulag (á vorönn): Kennt í 12 vikur - 4 fyrirlestrar og 2 dæmatímar vikulega. Vikuleg skilaverkefni. Vikulegir viðtals-/hjálpartímar.

Skipulag (á sumarönn): Kennt alla daga í 4 vikur – 12 fyrirlestrar og 12 dæmatímar vikulega.

Viðtalstímar einn dag í viku.

Umsjónarkennari: Hlynur Arnórsson

Kennari: Eyrún Halla Haraldsdóttir

Námsmarkmið:

Að námskeiði loknu skulu nemendur:

- Kunna skila á undirstöðuatriðum í fylkjareikningi.
- Hafa kynnst lausn á línulegum jöfnuhneppum $Ax=b$ þar sem A er andhverfanlegt fylki.
- Kunni skil á aðgerðum til að reikna ákveður, eiginildi og eiginvektora.
- Línulega háðir og óháðir vigrar
- Línuleg samantekt, hafi kynnst hugtökunum spannandi mengi, grunnur og víddir í R^n
- Fylki og línuleg jöfnuhneppi.
- Fylki á línustallagerð
- Kunna skil á stíkun einfaldra ferla, s.s. beinnar línu og hring.
- Þekkja uppsetningu á stöðuvigur agnar í rúminu, hraða, stefnuhraða og hröðun.
- Kunna skil á bogalengd og ferilheildum.

- Þekki hlutafleiður, stefnuafleiður, heildarafleiður, keðjuregluna, snertiplan og útgildi falla af fleiri breytistærðum.
- Þekkja heildi í 2 víddum í kartesískum- og pólhnitum.
- Þekki hvernig tákna megi punkt í þrívíðu rúmi með kartesískum-, kúlu- og sívalningshnitum.
- Hafa kynnst sviðslínur vektorsviða.
- Þekkja varðveitin vektorsvið, mætti og ferilheildi vektorsviðs.
- Þrepun eða ítrun og runur.

Leikni:

- Geta leyst jöfnuhneppi $Ax=b$ þar sem A er andhverfanlegt fylki.
- Geta reiknað ákveður.
- Geta fundið eigingildi og eiginvektora fyrir fylki.
- Geti ákveðið hvort vigrar eru línulega háðir eða óháðir.
- Hafi kynnst hugtökunum línuleg samantekt, spannandi mengi og grunnur.
- Kunni helstu reikniáðgerðir á fylkjum.
- Geti fundið lausn á línulegum jöfnuhneppum.
- Geta stikað einfalda ferla.
- Geta sett fram stöðuvigur agnar í rúminu og reiknað hraða hennar, stefnuhraða og hröðun.
- Geta sett upp heildi til að reikna bogalengd og ferilheildi.
- Geta fundið hlutafleiður og stefnuafleiður falla af fleiri breytistærðum og viti hvernig má túlka þær myndrænt.
- Geta fundið línulega nálgun falla af fleiri breytistærðum.
- Geta sett upp og leyst heildi í 2 víddum í kartesískum- og í pól-hnitum.
- Þekki hvernig tákna megi punkt í þrívíðu rúmi með kartesískum-, kúlu- og sívalningshnitum.
- Geta fundið sviðslínur einfaldra vektorsviða.
- Geta metið hvort vektorsvið eru varðveitin og fundið mætti þeirra ef svo er.
- Geta reiknað ferilheildi vektorsviðs.
- Þrepun eða runur og ítrun

Lýsing: Vigrar og rúmfræði. Línuleg algebra: fylkjareikningur, jöfnuhneppi, ákveður, eigingildi, eiginvigrar. Stikun ferla. Stöðuvigur agnar í rúminu, hraði, stefnuhraði og hröðun. Bogalengd og ferilheildi. Föll af fleiri breytistærðum, hlutafleiður, stefnuafleiður, heildarafleiður, keðjureglan, línuleg nálgun, útgildi. Heildi í 2 víddum, pólhnit. Varðveitin vigursvið, mætti, flatarheildi vigursviðs.

Lesefni:

Kennsluáðferðir: Fyrirlestrar og dæmatímar

Námsmat (á vorönn): Skriflegt próf 80% og skiladæmi 20%. Standast þarf skriflega prófið.

Tungumál: Íslenska.

RT EDL2003

EDLISFRÆÐI II

6 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Vor

Stig námskeiðs: Undefined

Tegund námskeiðs: Core

Undanfarar:

Skipulag:

Umsjónarkennari: Andrei Maolescu, Gunnar Þorgilsson

Kennari: Charles Goehry, Björgvin Rúnar Þórhallsson

Námsmarkmið: Að námskeiði loknu á nemandinn að þekkja hugtökin og geta leyst einföld verkefni tengd:

- Eiginleikum rafhleðslna og lögmáli Coulombs
- Rafflæði og notkun lögmáls Gauss við reikning á rafsviðum

- Rafmætti, rýmd, þéttum, og eiginleikum rafsvara
- Rafstraumi, viðnámi, íspennu, innra viðnámi og lögmáli Ohms
- Hleðsla og afhleðsla þétta
- Segulsviði, segulkrafti og uppsprettum segulsviðs
- Lögmáli Faraday's, vixlspani, sjálfspani og spólum
- Flutningslínur og bylgjur
- Framkvæmd mælinga, magnbundinni lýsingu mælióvissum og skýrsluskrifum

Lýsing: Rafeinda- og fjarskiptatækni byggja á eiginleikum rafhleðslna og hvernig þær vixlverka við rafsvið og segulsvið. Í þessum áfanga eru farið í grunneiginleika rafhleðslna, rafsviðs, rafstraums og segulsviðs. Fjallað verður um tengsl þessara hugtaka og hvernig hægt er nota þau til að reikna ýmsa eiginleika rafkerfa frá einföldum rafrásam til loftneta.

Lesefni:

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, dæmatímar og verklegar æfingar.

Námsmat: Þriggja klukkustunda skriflegt lokapróf vegur 70% og standast þarf lokaprófið. Öll próf eru gagnalaus (fyrir utan formúlublað sem fylgir með) og einungis Casio FX-350 vasareiknir er leyfður í prófi. Bestu einkunn úr þremur hlutaprófum gildir 10% og heimaðæmaskil gilda 10%. Verklegar æfingar og skýrslur gilda 10%. Skila ber öllum skýrslum (úr þremur verklegum æfingum og einni heimatilraun) til að öðlast rétt til að taka lokapróf.

Tungumál: Íslenska.

RT-RAS-1003

GREINING RAFRÁSA

6 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Vor

Stig námskeiðs:

Tegund námskeiðs: Skyldunámskeið

Undanfarar: Engir undanfarar

Skipulag: 4 fyrirlestrara og 2 dæmatímar á vikur í 12 vikur

Umsjónarkennari: Baldur Þorgilsson

Kennari: Richar Már Jónsson

Námsmarkmið: Stefnt er að því að nemendur:

- Þekki frumstærðir línulegra rafrása og eðli þeirra.
- Kunni helstu grunnaðferðir við línulega rásagreiningu.
- Kynnist notkun tölvustuddra og verklegra aðferða við rásagreiningu.
- Temji sér öguð og nákvæm vinnubrögð í framsetningu efnis í heimaðæmum og skýrslum.

Lýsing: Grundvallartriði í rafmagnsfræði og rafrásagreiningu. Hugtök úr eðlisfræði, hleðsla, straumur, rafkraftur, rafstöðuorka, spenna. Graf rafrásar og frumstærðir hennar, viðnámsrásir. Jafnvægisjöfnur rása, lögmál Kirchoffs. Rásareikningar byggðir á hnútapunkta- og möskvaðferðum. Lögmál Thévenin og Norton, samlagningaraðferð. Orkugeymsla í rafsviði og segulsviði, þéttar og spólur. Svörun RL, RC og RLC rása. Riðstraumsrásir, notkun vísa (tvíntöluförmis). Afli í riðstraumsrásam.

Talsvert verður um reikninga með tvíntölum, fylkjum sem og reikningar til að leysa einfaldar línulegar diffurjöfnur. Skerpt verður á kunnáttu nemenda eftir þörfum.

Lesefni:

Kennsluaðferðir: Kynnt síðar

Námsmat: 65% 3. klst. skriflegt próf í lok námskeiðs.

15% vikuleg heimaðæmi, alls ca. 10-12.

20% 2 skýrslur unnar upp úr 2-4 verklegum æfingum.

Tungumál: Íslenska.

T-201-GSKI

GAGNASKIPAN

6 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Vor

Stig námskeiðs: Grunnám, grunnnámskeið

Tegund námskeiðs: Skyldunámskeið

Undanfarar: T-111-PROG, Forritun

Skipulag: Fjórir fyrirlestra og tveir dæmatímar

Umsjónarkennari: Hjalti Magnússon

Kennari:

Námsmarkmið: Þekking (miðlun). Nemandinn geti:

- Borið kennsl á grunnþrep og þrepunarskref vandamáls sem skilgreint er á endurkvæman hátt.
- Lýst hugrænum gagnatögum og muninum á milli yfirlýsingu þeirra og útfærslu.
- Lýst hugmyndafræði hlutbundinnar hönnunar, m.t.t. hjúpunar, erfða og fjölbindingar.
- Lýst og skilið hvað átt er við með flækjustigi/vaxtarfalli reikniritis.

Leikni (þjálfun). Nemandinn geti:

- Skrifað forrit sem notar sérhverja af eftirfarandi tegundum gagnaskipan: margvið fylki, tengdir listar, staflar, biðraðir, tré og tætitöflur.
- Geti útfært ýmis konar gagnaskipan með því að nota tengda lista.
- Útfært einföld endurkvæm föll.
- Hannað, útfært, prófað og aflúsað forrit í hlutbundnu forritunarmáli.
- Skrifað forrit sem beitir erfðum til að leysa tiltekið vandamál.
- Skrifað forrit sem bregst við frábrigðum sem eiga sér stað í keyrslu.
- Beitt runuleit, tvíundarleit og röðunaralgrímum undir ýmsum kringumstæðum.
- Notað hugræn gagnatög með því að hafa eingöngu aðgang að yfirlýsingu þeirra.

Hæfni (sköpun). Nemandinn geti:

- Valið viðeigandi gagnaskipan fyrir gerð líkans af tilteknu vandamáli.
- Hannað og þróað forrit fyrir vandamál sem lýst er á almennan hátt.

Lýsing: Í þessu námskeiði er fjallað um ýmiss konar gagnaskipan, eins og tengda lista, stafla, biðraðir, tré og tætitöflur. Jafnframt er farið í endurkvæma forritun og röðunaralgrím. Í námskeiðinu er að auki lögð áhersla á hugræn gagnatög, hlutbundna forritun og meðhöndlun frábrigða. Forritunarmálið C++ er notað í námskeiðinu.

Lesefni:

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar

- Fyrirlestrar verða tvisvar sinnum í viku, á mánudögum og fimmtudögum
- Fyrirlestrarnir verða 90 mínútur hver (2*45 mínútur)
- Fyrirlestrum er streymt í rauntíma og eru upptökur af fyrirlestrum aðgengilegar eftir tíma
 - Hlekkur á streymi er settur inn á námskeiðsvef, undir „Fyrirlestra.“ í upphafi tíma

Aðstoðartímar (opnir dæmatímar)

- Aðstoðartímar eru á miðvikudögum frá 14:00 til 20:35
- Hægt er að mæta hvenær sem á þessum tíma og fá aðstoð við verkefni og annað sem tengist námskeiðinu
- Sjá nánar um aðstoðartíma hér að neðan

Piazza

- Notast verður við Piazza til að svara öllum fyrirspurnum um verkefni og skipulag námskeiðsins
- Vinsamlegast lesið eftirfarandi „miða“ á Piazza áður en þið sendið inn fyrirspurnir
 - [Að leita sér aðstoðar eins og fagmaður](#)
 - [Varðandi yfirlestur á kóða](#)

Verkefni

- Notast verður við Mooshak við yfirferð verkefna
- Lausnir sem samþykktar eru af Mooshak teljast **ekki** sjálfkrafa réttar
 - Farið er yfir lausnir flestra verkefna í höndunum
 - Ítarlegri lýsing á yfirferð og einkunnagjöf fylgir hverju verkefni fyrir sig
- **Síðustu** samþykktu skil sem berast til Mooshak teljast vera skil nemanda á viðkomandi verkefni
 - Ef nemandi skilar rangri lausn eftir að hann skilar samþykktu lausn, þá er sú lausn **ekki** tekin sem skil
- Fjöldi skila inn á Mooshak getur haft áhrif á einkunn verkefnis
 - Sérhvert verkefni hefur ákveðinn fjölda *frírra skila*. Frí skil eru skil sem ekki lækka einkunn.
 - Eftir að nemandi hefur notað öll frí skil verkefnisins lækkar einkunn verkefnisins um 0,05, fyrir sérhver skil
 - Skil sem fá „Compile Time Error“ teljast ekki sem skil, þ.e. þau lækka hvorki einkunn né fækka fríum skilum.
 - Frádrátturinn er einungis reiknaður fram að **fyrstu** samþykktu skilum, eftir það eru öll skil frí
 - Eftir að nemandi hefur fengið lausn samþykktu, getur hann því lagfært lausnina eða prófað nýjar lausnir án þess að það hafi áhrif á einkunn.
 - Frádrátturinn getur aldrei lækkað verkefniseinkunn um meira en 3,0
- Skila má lausnum allt að tveimur sólarhringum of seint
 - Einkunn fyrir verkefni (eða hluta verkefnis) sem skilað er innan sólarhrings of seint lækkar um 1
 - Einkunn fyrir verkefni (eða hluta verkefnis) sem skilað er innan tveggja sólarhringa of seint lækkar um 2
 - Ekki er tekið við verkefnum sem skilað er meira en tveimur sólarhringum of seint (sjá Aukaverkefni)
- Skilafrestur á dæmatímaverkefnum er á sunnudögum kl. 23:59 í öllum kennsluvikum, nema þeirri síðustu
- Skilafrestur á skilaverkefnum er á miðvikudögum kl. 23:59 í vikum 4, 6, 8, 10 og 12

Aukaverkefni

- Boðið verður upp á 5 lítil aukaverkefni, sem gilda 1% hvert
 - Verkefni verða opin alla önnina og er skilafrestur á þeim fram að prófdegi
 - Ekki er tekið við skilum á aukaverkefnum eftir lokapróf
- Boðið verður upp á eitt aukaskilaverkefni
 - Aukaskilaverkefnið getur komið í stað eins skilaverkefnis

Miðannarpóf

- Verður haldið í 8. viku námskeiðsins
- Gildir aðeins til hækkunar á lokaprófseinkunn
 - Athugið að nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn á lokaprófi, óháð einkunn úr miðannarprófi, til að standast lokaprófið
- Verður haldið utan hefðbundinna kennslustunda

Heiðarleiki verkefnavinnu

Með því að senda lausn inn til yfirferðar á Mooshak samþykkir nemandi eftirfarandi skilmála:

- Lausnin, fyrir utan sniðmát sem gefin eru með verkefnislýsingu, er mitt hugverk.

Mooshak á því ekki að nota til að „prófa“ kóða af netinu eða frá samnemendum.

Öll verkefni námskeiðsins eru **einstaklingsverkefni**. Þó að svo sé, eru nemendur hvattir til að vinna saman að hugmyndum að lausn verkefna. Athugið að það þýðir **ekki** að nemendur eigi að skrifa kóða saman, heldur aðeins vinna að hugmyndum. Hver og einn nemandi þarf að skila sinni eigin lausn á öllum verkefnum.

Til að standa vörð um heiðarleika verkefnavinnu í námskeiðinu, þá áskilur kennari sér rétt til að boða alla þá nemendur, sem skila verkefni til yfirferðar, á verkefnisfund.

- Fundarboðið mun ekki berast seinna en þremur vikum eftir að verkefni hefur verið skilað.
- Svári nemandi ekki fundarboði, eða mæti ekki á fund án skýringar, fær nemandi 0 fyrir verkefnið þangað til að verkefnisfundur hefur verið haldinn.
- Á fundinum verður nemandi beðinn um að lýsa lausn sinni og hvernig hún virkar.
- Sýni nemandi ekki nægan skilning á lausn sinni, áskilur kennari sér rétt til að lækka verkefniseinkunn.

Aðstoðartímar

Það er á ábyrgð hvers nemanda fyrir sig að leysa þau verkefni sem fyrir hann eru lögð.

Áður en nemandi spyr dæmatímakennara um verkefni, ætti nemandi að verið búinn að

- horfa á alla fyrirlestra sem tengjast því efni sem verkefnið snýst um,
- lesa þá kafla í bókinni sem tengjast því efni sem verkefnið snýst um, og
- lesa verkefnislýsingu **ítarlega**.

Við lausn verkefna á maður oft til að festast. Það er eðli þess að leysa verkefni og fullkomlega eðlilegt. Dæmatímakennarar eru til staðar til að leiðbeina nemendum þegar þessi staða kemur upp. Til að aðstoð dæmatímakennara nýtist sem best, þurfa spurningar að vera hnitmiðaðar og skýrar. Dæmatímakennarar eiga erfitt með að eiga við spurningar og staðhæfingar á borð við „ég skil ekkert í þessu verkefni,“ „geturðu útskýrt verkefnið fyrir mér á mannamáli?“ og „lausnin mín virkar ekki.“

Hvað er þá til ráða?

- Temjið ykkur að skrifa skýran kóða, velja góð breytunöfn og setja kóðann upp á skynsamlegan máta.
- Beitið öllum aflúsunaraðferðum sem ykkur dettur í hug.
 - Notið aflúsarann í þróunarumhverfinu
 - Prentið út stöðu forritsins á vel völdum stöðum
 - Notið „assert“
- Búið til ykkar eigin prófunartilvik.
- **Ekki sitja og stara á kóðann ykkar.**

Með því að fylgja þessum punktum, getur nemandi veitt dæmatímakennara heilmiklar upplýsingar, t.d. með því að sýna dæmatímakennara útprentun úr forritinu í mismunandi prófunartilfellum.

Því meiri upplýsingar sem dæmatímakennari hefur, því auðveldara verður fyrir hann að aðstoða nemanda. Það er mjög erfitt að aflúsa vandamál bara með því að lesa kóða. Það er, yfir höfuð, mjög erfitt að lesa kóða sem maður hefur ekki skrifað sjálfur. Nemandi getur því alls ekki búist við því að dæmatímakennari (eða nokkur annar) geti fundið vandamál í kóða bara með því að lesa kóðann.

Hlutverk dæmatímakennara er meðal annars að

- gefa nánari útskýringu á námsefni námskeiðsins,
- beina nemendum á rétta braut við lausn verkefna,
- benda nemendum á aðferðir sem má nota til aflúsunar, og
- hjálpa nemendum að brjóta verkefnið niður í smærri viðráðanlegri verkefni.

Hlutverk dæmatímakennara er til dæmis **ekki** að

- aflúsa kóða fyrir nemendur,
- leysa hluta verkefnis fyrir nemendur.

Athugið að dæmatímakennarar eru í námi eins og þið og hafa því takmarkaðan tíma aflögu. Ég vil því vinsamlegast biðja nemendur að ónáða ekki dæmatímakennara utan aðstoðartíma, hvort sem það er í eigin persónu, á facebook eða með tölvupósti. Öll aðstoð utan aðstoðartíma fer fram í gegnum Piazza.

Námsmat: Námsmatið skiptist í eftirfarandi hluta.

- Dæmatímaverkefni 10% (8 bestu af 11 gilda)
- Skilaverkefni 35% (5 skilaverkefni + 1 til upphækkunar)
- Aukaverkefni 5%
- Miðannarpróf 10% (til hækkunar á prófseinkunn)
- Lokapróf 45%--55%
 - Til að standast lokaprófið þarf að ná einkunninni 4,75.

Athugið að námsþættirnir hafa samtals 105% vægi.
Tungumál: Íslenska.

RT HVR3103

HAGNÝT VERKEFNI

6 ECTS

Ár: 1. ár

Önn: Vor

Stig námskeiðs:

Tegund námskeiðs: Skyldunámskeið

Undanfarar: Engir undanfarar

Skipulag: Kennt alla virka dag í 3 vikur skv. Sérstakri stundaskrá

Umsjónarkennari: Ragnar Kristjánsson

Kennari: Richard Már Jónsson

Námsmarkmið: Stefnt er að því að nemendur:

- hafi beitt aðferðum tæknifræðinnar við lausn hagnýtra verkefna.
- læri að tileinka sér sjálfstæð og markviss vinnubrögð við úrlausn raunhæfra hönnunarverkefna og/eða rannsóknarverkefna á fagsviðinu.
- fái hagnýta reynslu og heildaryfirsýn yfir fagið með samþættingu námsgreina þar sem þeir beita þekkingu úr mörgum námsgreinum rafmagnstæknifræðinnar.

Lýsing: Hagnýtt hönnunar- eða rannsóknarverkefni gjarnan tengt námsefni undangenginnar annar, valið í samráði við umsjónarkennara. Oft eru þessi verkefni unnin í samstarfi við fagfyrirtæki. Áhersla er lögð á dagbókarfærslu, skipuleg og tæknileg vinnubrögð við gagnasöfnun og skilgreiningu markmiða, skilgreiningu vandamála, lausnaleit, úrvinnslu og skýrslugerð. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Verkefnið er kynnt og „varið“ munnlega.

Lesefni:

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verkefnavinna

Námsmat: Mat á verkefnaskýrslu og kynningu gilda 100%

Tungumál: Íslenska.

Annað ár

AT STÆ 3003

STÆFRÆÐI III

6 ECTS

Ár: 2. ár.

Önn: Haustönn

Stig námskeiðs: Grunn nám, framhaldsnámskeið

Tegund námskeiðs: Skyldunámskeið

Undanfarar: AT STÆ1003, Stærðfræði I, AT STÆ2003, Stærðfræði II

Skipulag: 4fyrirlestrar og 2 dæmatímar á vikur í 12 vikur. Vikuleg skilaverkefni

Umsjónarkennari: Hlynur Arnórsson.

Kennari: Hlynur Arnórsson.

Námsmarkmið:

Þekking:

- Þekkja almenna lausn á diffurjöfnu og sérlausn á upphafsgildisverkefni (U.G.V.)
- Þekkja diffurjöfnur með aðskiljanlegar breytistærðir.
- Þekkja fyrsta stigs línulegar diffurjöfnur.
- Þekkja grunnlausn fyrir 2. stigs diffurjöfnur með fastastuðlum og kunna að finna Wronski ákveðu.
- Þekkja aðferð breytilegra stuðla og aðferð óákvarðaðra fasta.
- Þekkja Laplace-ummyndun og hvernig má nota hana til að leysa U.G.V.
- Þekkja Heaviside fallið og deltafall Diracs.
- Þekkja Fourierraðir.
- Hafa kynnst 1. stigs línuleg diffurjöfnuhneppum.
- Hafa kynnst hvernig breyta má n-ta stigs diffurjöfnu í 1. stigs diffurjöfnuhneppi.
- Hafi séð lausn á hlutfleiðujöfnu, t.d. bylgjujöfnunni og varmaleiðnijöfnunni.

Leikni:

- Kunni að finna lausn á diffurjöfnu með aðskiljanlegar breytistærðir.
- Kunni að finna lausn á 1. stigs línulegar diffurjöfnur.
- Kunni að finna grunnlausn fyrir 2. stigs diffurjöfnur með fastastuðlum og nota Wronski ákveðu til að ákvarða hvort lausnir eru línulega óháðar.
- Kunni að beyta aðferð breytilegra stuðla og aðferð óákvarðaðra fasta og geti metið í hvaða tilfellum á að nota aðferðirnar.
- Geti leyst U.G.V með Laplace-ummyndun, hér undir U.G.V sem innihalda Heaviside fallið eða Deltafall Diracs.
- Geti fundið Fourierröð, Símus-fourierröð og Kósínus-fourierröð falls.
- Geti fundið lausn á 1. stigs línulegu diffurjöfnuhneppi.
- Geti breytt n-ta stigs diffurjöfnu í 1. stigs diffurjöfnuhneppi.
- Hafi kynnst lausn á hlutfleiðujöfnum, t.d. bylgjujöfnunni og varmaleiðnijöfnunni.

Lýsing: Fyrsta stigs línulegar diffurjöfnur og diffurjöfnur með aðskiljanlegar breytistærðir. Annars stigs diffurjöfnur með fastastuðlum. Aðferð breytilegra stuðla og aðferð óákvarðaðra fasta. Laplace umformun, Heaviside fallið og Deltafall Diracs. Foursier- Símus og Kósínusraðir. Fyrsta stigs línuleg diffurjöfnuhneppi. Hlutfleiðujöfnur.

Lesefni:

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og dæmatímar.

Námsmat: Skriflegt próf 80% og skiladæmi 20%. Standast þarf skriflega prófið.

Tungumál: Íslenska.

RT EXH1013**RAFSEGULFRÆÐI OG HÁLFLEIÐARAR****6 ECTS****Ár:** 2. ár**Önn:** Haust**Stig námskeiðs:****Tegund námskeiðs:** Skyldunámskeið**Undanfarar:** Engir undanfarar**Skipulag:****Umsjónarkennari:** Andrei Manolescu, Marjan Ilkov, Stanislav Ogurtsov**Kennari:** Andrei Manolescu, Marjan Ilkov, Stanislav Ogurtsov**Námsmarkmið:** Stefnt er að því að nemendur:

- kunni undirstöður rafsegulfræði og hagnýtingu hennar.

- geti leyst einföld rafsegulfræðileg vandamál og öðlist nægjanlega grunnþekking sem byggja má á í sérhæfðum námskeiðum.

Lýsing: Farið verður í undirstöðuatriði rafsegulfræði: Raf- og segulsvið; fæðilínur; rafstöðu- og segulstöðufræði; jöfnur Maxwells; rafsegulbylgjur og útbreiðsla þeirra; loftnet og truflanir. Rafsegulfræði kallar á haldgóðan skilning á stærðfræði, einkum vigurgreiningu. Farið verður í helstu atriði vigurgreiningar í námskeiðinu.

Lesefni:

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og dæmatímar.

Námsmat: Skriflegt lokapróf (70%). Tvö miðannarpróf (15% hvort)

Tungumál: Íslenska.

RT RAS2003**HÖNNUN RÁSA****6 ECTS****Ár:** 2. ár**Önn:** Haust**Stig námskeiðs:****Tegund námskeiðs:** Skyldunámskeið**Undanfarar:** Engir undanfarar**Skipulag:****Umsjónarkennari:****Kennari:****Námsmarkmið:**

Lýsing:
Lesefni:
Kennsluaðferðir:
Námsmat:
Tungumál: Íslenska.

RT MAL1003 **MÆLITÆKNI** **6 ECTS**

Ár: 2. ár
Önn: Haust
Stig námskeiðs: Grunnám, framhaldsnámskeið
Tegund námskeiðs: Valnámskeið
Undanfarar: Engir undanfarar
Skipulag: 5 kennslustundir á viku, fyrirlestrar og verklegar æfingar. Skilaverkefni.
Umsjónarkennari: Guðjón Hugberg Björnsson
Kennari: Guðjón Hugberg Björnsson

Námsmarkmið: Stefnt er að því að nemendur:
• öðlist þekkingu á undirstöðuatriðum í mælitækni.
• geti valið mælitæki og mæliaðferðir er henta hverju sinni.
• geti unnið úr mæligildum og skrifað greinagóða skýrslu um niðurstöðu mælingarinnar.
Lýsing: Fjallað verður um mælitækni á víðtækan hátt, m.a. verður farið yfir aðferðir til mælinga á jafnstraums og ríðstraumskerfum, stafrænum og hliðrænum rásum og í fjarskiptarásum. Meðferð mælitækja og notkun þeirra verður einnig hluti af námsefninu og kennd m.a. með verklegum æfingum.
Lesefni:
Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og dæmatímar.

Námsmat: Verklegar æfingar 30%

Lokaverkefni 30%

3 klst. skriflegt próf gildir 40%.

Tungumál: Íslenska.

AT VST1003 **VERKEFNASTJÓRNUN OG FRAMKVÆMDAFRÆÐI** **6 ECTS**

Ár: 2. ár
Önn: Haust
Stig námskeiðs: Grunnám, framhaldsnámskeið
Tegund námskeiðs: Skyldunámskeið
Undanfarar: Engir undanfarar
Skipulag: Kennt alla vika daga í 3 vikur skv. Sérstakri stundaskrá.
Umsjón:
Kennari: Guðbjartur Magnússon, Kristinn Alexandersson, Ólafur Hermannsson
Námsmarkmið: Stefnt er að því að nemendur:

- fái góðan skilning á verkefnastjórnun, helstu kenningum og aðferðum sem þróaðar hafa verið á sviði verkefnastjórnunar.
- öðlist góðan skilning á þætti verkefnavinnu og verkefnastjórnunar í rekstri fyrirtækja.
- kynnist hugbúnaði og tækni sem nýta má við verkefnastjórnun.
- kynnist hvernig verkefnastjórnun fer fram í íslenskum fyrirtækjum.
- þekki hvernig útboðsgögn eru uppbyggð og kynnist mismunandi útboðsformum.
- geti gert kostnaðaráætlanir og tilboð í hefðbundin verk.
- kynnist grunnatriðum eftirlits með framkvæmdum og notkun gæðakerfa við framkvæmdir.
- fái góðan skilning á framkvæmdafræði með vinnu í raunverkefni.

Lýsing:

Verkefnastjórnun:

Yfirlit yfir verkefnastjórnun. Samræming verkefna við stefnu og stjórnun skipulagsheildar. Val á verkefnum. Lífshlaup og einkenni verkefna. Markmið, verkgreining, sundurliðun verkþátta og flæðirit. Áætlanagerð, aðfangastýring, ms project – grunnur. Lágmarkun verkefnatímans, áhættustýring. Ms project – aðföng. Verkaupinn, verkefnastjórnun, verkefnateymið, hagsmunaaðilar. Prince2 og aðrar aðferðir. Hvernig velja á milli verkefna. Ms project – framvinda.

Framkvæmdafræði:

Útboðsgögn, hönnun á mismunandi stigum, verklýsingar, magnskilgreiningar og magnskrár. Útboðsform, alútbod, útbod eftir fullnaðarhönnun, hlutaútbod ofl. Kostnaðaráætlanir, gerð áætlana, forsendur, óvissa, framsetning. Útbod, kynning/auglýsingar, útbodstími, opnun tilboða. Tilboðsgerð, kostnaðarþættir, gagnaöflun, uppbygging einingaverðs, magntaka, áhætta, óvissa, hagnaður. Verksamningar, mat tilboða, taka tilboðs, tilboði hafnað, samningar. Eftirlit, form eftirlits, skipulag, verkfundir, samskiptaform, upplýsingaflæði ofl. Gæðakerfi, grunnatriði, gæðahandbók, dæmi um notkun og ávinning gæðakerfis. Uppgjör og ágreiningur.

Lesefni:

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og verkefnatimar. Framkvæmdaverkefni felst í að bjóða í verk á viðkomandi fagsviði og skipuleggja það. Nemendur skila af sér tilboði og verkáætlun og verja síðan verkefnið. Unnið verður í hópum með 3-4 í hóp, kennarar raða nemendum í hópa.

Námsmat: Einstaklingsverkefni og/eða skyndipróf á kennslutíma gilda 30% af heildareinkunn.

Fullunnið framkvæmdaverkefni ásamt munnlegri vörn þess gildir 70%.

Tungumál: Íslenska

RT RAT1003

RAFEINDATÆKNI I

6 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Vor

Stig námskeiðs:

Tegund námskeiðs:

Undanfarar:

Skipulag:

Umsjónarkennari: Baldur Þorgilsson

Kennari:

Námsmarkmið: Við lok áfanga eiga nemendur að

- Þekkja uppbyggingu hálfleiðara
- Geta greint, hannað, hermt og mælt algengustu tegundir díóðurása, transistor- og aðgerðarmagnara
- Geta greint og hannað einfalda aflgjafa
- Geta greint og hannað tíðniháðar rásir

Lýsing: Uppbygging hálfleiðara verður skoðuð, kenndar aðferðir við hönnun einfaldra rása með díóðum, transistorum og aðgerðamögnurum. Farið verður í forspennu, vinnupunkta, nýtni, mögnun, inngangs- og útgangsviðnám. Farið verður ítarlega í hönnun smámerkismagnara og notkun þeirra í fjölstiga samtengingu. Könnuð verða áhrif tíðniháðra íhluta á heildarmögnun.

Lesefni:

Kennsluaðferðir: Fræðin verða tekin fyrir og dæmi reiknuð á töflu. Fjórar tilraunir verða gerðar sem styðja við skilning á fræðinni. Hvatt verður til þess að nemendur taki virkan þátt í umræðum um efnið, m.a. með því að nemendur reikni dæmi á töflu.

Námsmat:

Heimadæmi 25% 10 verkefni

Verklegar æfingar 25% 4 æfingar í tilraunastofu

Lokapróf 50% 3 klist skriflegt próf, öll gögn leyfileg

Tungumál: Íslenska.

RT RAK1003

RAFORKUKERFI I

6 ECTS

Ár: 2. ár

Önn: Vor

Stig námskeiðs:

Tegund námskeiðs:

Undanfarar:

Skipulag:

Umsjónarkennari: Kristinn Sigurjónsson

Kennari: Kristinn Sigurjónsson, Axel Sigurðsson, Orri Jónsson

Námsmarkmið: Stefnt er að því að nemendur:

- hafi tileinkað sér grundvallaratriði raforkukerfisfræði.
- þekkja grundvöll rafmagnsframleiðslu.
- geti beitt helstu aðferðum við greiningu raforkukerfa.

